



## Leiðbeiningar fyrir þvagsýnatöku

Hér að neðan má finna leiðbeiningar háð því hvort barnið pissar í bleyju, kopp eða klósett. Best er að safna sýninu í kringum kvöldmatarleytið en líka í lagi að taka það á öðrum tíma

### Búnaður í umslaginu:

- Kynningarbréf um rannsóknina
- Bómullarhnoðrar sem duga fyrir tvær sýnatökur (20 stykki) í bleyju, ef fyrri tilraun misheppnast
- Sprauta til að setja bómullarhnoðrana í (þarf bara að nota ef barn notar bleyju – sjá leiðbeiningar nr. 2)
- Gult þvagsýnaglas/sprauta sem skila þarf til heilsugæslunnar
- Spurningalisti um mataræði sem skila þarf til heilsugæslunnar
- Umslag (A5) undir þvagsýnaglasíð og spurningalistann
- Hanskar og plastpoki undir þvagsýnaglasíð

### Barn pissar í bleyju:

	<p>1. Bómullarhnoðrum (8-10 stykki) komið fyrir í hreina bleyju barnsins. Best er að staðsetja þá miðað við hvar barnið vætir oftast bleyjuna, en það getur verið mismunandi eftir því hvort barnið er strákur eða stelpa. Ef barnið hefur hægðir þarf að setja bómullarhnoðra í nýja bleyju og reyna aftur.</p>		<p>2. Stimpillinn á sprautunni er tekinn úr og þvagblautir bómullarhnoðrar settir í sprautuna, stimpillinn er settur aftur í. Einnota hanskar eru notaðir.</p>
	<p>3. Taktu gula þvagsýnaglasíð og skrúfaðu endann af, dragðu síðan stimpilinn alveg út. Síðan tekurðu sprautuna með bómullarhnoðrunum og sprautar ofan í þvagsýnaglasíð. <b>Það er nóg að fá á bilinu 5-10 ml af þvagi.</b></p>		<p>4. Skrúfaðu lokið þétt á þvagsýnaglasíð og brjóttu stimpilinn af. Setjið sýnið í plastpoka sem fylgir með og geymið í ísskáp þar til því er skilað í umslagi til heilsugæslunnar.</p>



Embætti landlæknis  
Directorate of Health



### Barn pissar í kopp:

Mikilvægt er að koppurinn sé hreinn fyrir sýnatöku og aðeins sé þvag í koppnum.

1. Taktu litla tappann framan af gulu þvagsýnasprautunni og smelltu gula rörinu framan á.
2. Stingdu endanum á rörinu ofan í þvagið í koppnum og dragðu stimpilinn til baka **þar til glasið er a.m.k að hálfu fullt (5-10 ml)**. Brjóttu stimpilinn af, taktu rörið framan af og settu litla tappann aftur á.
3. Setjið sýnið í plastpoka sem fylgir með og geymið í ísskáp þar til því er skilað í umslaginu til heilsugæslunnar.

### Barn pissar í salerni

Hægt er að nota hreint einnota ílát eða krukku til þess að grípa piss við salernisferð. Síðan má fylgja skrefum fyrir ofan, undir „Barn pissar í kopp“.

### Skil til heilsugæslunnar

1. Notið umslagið (A5) sem þið fenguð í ungbarnaskoðuninni til að setja í sýnaglassið (í plastpokanum) ásamt spurningalista. Ef þið áttuð eftir að skrifa undir upplýst samþykki þá þarf að hafa undirritaða samþykkið með í umslaginu.
2. Skilið umslaginu með sýni og spurningalista til heilsugæslunnar þar sem ungbarnaskoðunin fór fram.

Ef þið eruð með spurningar þá endilega sendið okkur póst á netfangið: [naering@landlaeknir.is](mailto:naering@landlaeknir.is)

